# Ríkiskaup

09 905

# Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun forstöðumanns .......... 3
Yfirlit um afkomu ársins .......... 4
Efnahagsreikningur .......... 5
Sjóðstreymisyfirlit .......... 6
Skýringar .......... 7



**Ríkiskaup**
**kt. 660169-4749**
**Borgartúni 7c**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkiskaup eru miðlæg innkaupastofnun á vegum ríkisins sem skulu með gagnsæjum og hagkvæmum hætti annast innkaup fyrir ríkisstofnanir, rannsaka sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu, beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum til þarfa ríkisins og stuðla að þróun skilvirkra innkaupakerfa. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1838,8 milljónir og afkoma kr. -24,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 285,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkiskaupa í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkiskaupa fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 13. júní 2019

Staður, dags.

Forstöðumaður

# Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 103.300.000 | 101.200.000 |
| Seld þjónusta | 4 | 185.269.368 | 194.788.537 |
| Vörusala | 5 | 1.549.804.175 | 1.359.432.327 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 6 | 466.858 | 719.897 |
| Tekjur af sölu eigna | | 0 | 620.000 |
| **Tekjur samtals** | | 1.838.840.401 | 1.656.760.761 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 265.204.389 | 262.499.852 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 1.593.551.909 | 1.382.590.314 |
| Afskriftir | 9 | 4.689.721 | 4.112.415 |
| **Gjöld samtals** | | 1.863.446.019 | 1.649.202.581 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | (24.605.618) | 7.558.180 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 3.723.749 | 3.076.114 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 10 | (3.270.131) | (5.164.983) |
| | | 453.618 | (2.088.869) |
| **Afkoma ársins** | | (24.152.000) | 5.469.311 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 11 | 5.404.806 | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 12 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 9.185.409 | 11.281.285 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 14.590.215 | 11.281.285 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 68.551.599 | 61.227.242 |
| Tengdir aðilar | 13 | 102.005.005 | 174.309.068 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 30.000 | 0 |
| Handbært fé | 14 | 100.504.551 | 85.247.071 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 271.091.155 | 320.783.381 |
| **Eignir samtals** | | 285.681.370 | 332.064.666 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 15 | | |
| Hrein eign | | (1.328.123) | 22.823.877 |
| **Eigið fé samtals** | | (1.328.123) | 22.823.877 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 13 | 126.138.896 | 101.086.242 |
| Viðskiptaskuldir | | 132.949.729 | 177.791.583 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 16 | 27.920.868 | 30.362.964 |
| | | 287.009.493 | 309.240.789 |
| **Skuldir samtals** | | 287.009.493 | 309.240.789 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 285.681.370 | 332.064.666 |
| **Aðrar upplýsingar** | 17 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (24.152.000) | 5.469.311 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 4.689.721 | 4.112.415 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | 0 | 0 |
| | | (19.462.279) | 9.581.726 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | (7.354.357) | 81.633.477 |
| Tengdir aðilar | | 97.356.717 | (36.034.156) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (47.283.950) | (28.473.870) |
| | | 42.718.410 | 17.125.451 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 23.256.131 | 26.707.177 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna | | (5.844.474) | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 12 | (2.154.177) | (3.118.467) |
| | | (7.998.651) | (3.118.467) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 0 | 0 |
| | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 15.257.480 | 23.588.710 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 85.247.071 | 61.658.361 |
| **Handbært fé í árslok** | | 100.504.551 | 85.247.071 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

# Skýringar

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Skýringar

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Lántaka**

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

| 3 Tekjufærsla fjárveitinga | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 103.300.000 | 101.200.000 |
| | 103.300.000 | 101.200.000 |

**Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og staða þeirra í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 103.300.000 | 0 | 0 | 103.300.000 |
| Launbætur | (200.000) | 0 | 0 | (200.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 200.000 | 0 | 0 | 200.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **103.300.000** | **0** | **0** | **103.300.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (127.452.000) | 0 | 0 | (127.452.000) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(24.152.000)** | **0** | **0** | **(24.152.000)** |

**4 Seld þjónusta**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 108.401.536 | 93.900.836 |
| Umboðs- og sölulaun | 68.543.417 | 94.483.820 |
| Verksala | 49.840 | 29.042 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 7.644.575 | 6.372.839 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 630.000 | 2.000 |
| | 185.269.368 | 194.788.537 |

**5 Vörusala**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Vörusala II | 298.438 | 294.015 |
| Vörusala, umboðs- og endursala | 1.549.505.737 | 1.359.138.312 |
| | 1.549.804.175 | 1.359.432.327 |

**6 Framlög og ýmsar tekjur**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 0 | 719.897 |
| Ýmsar tekjur | 466.858 | 0 |
| | 466.858 | 719.897 |

**7 Laun og launatengd gjöld**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 213.355.399 | 210.085.424 |
| Orlof, breyting | (894.172) | (73.705) |
| Launatengd gjöld | 50.156.976 | 49.090.363 |
| Starfsmannakostnaður | 2.586.186 | 3.397.770 |
| | 265.204.389 | 262.499.852 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 23,2 | 24,0 |

# Skýringar

## 8 Annar rekstrarkostnaður

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 451.016 | 712.318 |
| Ýmis tæki og áhöld | 497.204 | 204.970 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 63.709 | 0 |
| Orkugjafar | 735.484 | 815.536 |
| Matvæli | 4.332.440 | 2.752.229 |
| Almennar rekstrarvörur | 445.575 | 342.796 |
| Vörukaup, almenn | 6.525.428 | 4.827.849 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 3.414.270 | 2.030.728 |
| Ferðir, uppihald | 2.651.833 | 2.589.723 |
| Akstur | 555.083 | 594.453 |
| Sérfræðiþjónusta | 12.787.872 | 18.772.253 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 272.775 | 409.806 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 8.263.035 | 6.309.130 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 10.336.102 | 8.796.163 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 38.280.970 | 39.502.256 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 150.000 | 0 |
| Afnotagjöld | 11.757.549 | 15.045.397 |
| Leigugjöld | 8.838.481 | 7.802.763 |
| Notkun véla og flutningatækja | 224.113 | 260.888 |
| Verkkaup | 3.793.740 | 3.211.962 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.076.807 | 2.924.070 |
| Tryggingar, lögboðnar | 200.285 | 197.624 |
| Opinber gjöld | 640.029 | 1.043.032 |
| Tilfærslur | 0 | 7.000 |
| Tapaðar kröfur | 0 | 105.551 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 27.681.004 | 30.598.287 |
| | | |
| Vörukaup I | 5.053 | 129.515 |
| Vörukaup, umboðs- og endursala | 1.521.059.454 | 1.307.532.407 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.593.551.909 | 1.382.590.314 |

## 9 Afskriftir

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 4.250.053 | 4.112.415 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 439.668 | 0 |
| | 4.689.721 | 4.112.415 |

## 10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 46.970 | 3.646 |
| Gengistap, endurmat | 3.223.161 | 5.161.337 |
| | 3.270.131 | 5.164.983 |

## Skýringar

### 11 Óefnislegar eignir

| | 31.12.2018 |
|---|---|
| Óefnislegar eignir | 5.404.806 |

| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2018: | Hugbúnaður |
|---|---|
| Stofnverð 1.1.2018 | 0 |
| Sértækt endurmat | 0 |
| Viðbót á árinu | 5.844.474 |
| Niðurfært 1.1.2018 | 0 |
| Niðurfærsla ársins | 439.668 |
| Staða 31.12.2018 | 5.404.806 |

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 9.185.409 | 11.281.285 |
| | 9.185.409 | 11.281.285 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 21.802.646 | 21.802.646 |
| Viðbætur á árinu | 2.154.177 | 2.154.177 |
| | 23.956.823 | 23.956.823 |
| Afskriftir 1.1.2018 | 10.521.361 | 10.521.361 |
| Afskrift ársins | 4.250.053 | 4.250.053 |
| | 14.771.414 | 14.771.414 |
| Staða 31.12.2018 | 9.185.409 | 9.185.409 |

### 13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 76.002.950 | 148.307.013 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 26.002.055 | 26.002.055 |
| | 102.005.005 | 174.309.068 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 49.921.243 | 81.030.486 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 76.217.653 | 20.055.756 |
| | 126.138.896 | 101.086.242 |

## Skýringar

### 14 Handbært fé

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 100.504.551 | 85.247.071 |
| | 100.504.551 | 85.247.071 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| **Hrein eign** | | |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1 | 22.823.877 | (8.647.489) |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 26.002.055 |
| Afkoma ársins | (24.152.000) | 5.469.311 |
| Jöfnuður 31.12 | (1.328.123) | 22.823.877 |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 26 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

### 16 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 25.034.178 | 25.928.350 |
| Ógreidd laun | 0 | 1.142.480 |
| Önnur ógreidd gjöld | 2.886.690 | 3.292.134 |
| | 27.920.868 | 30.362.964 |

### 17 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 21,5 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.